



64. þing Sundsambands Íslands  
ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐINNÍ Í LAUGARDAL  
1. júní 2021

Þingskjal nr: 2021 - 07

**64. þing Sundsambands Íslands haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal 1. júní 2021**

Samþykkir að fresta veitingu heiðursviðurkenninga fram til hausts 2021 á afmælishófi sem haldið verður í tilefni af 70 ára afmæli SSÍ

**Greinargerð**

**Gull- og silfurmerki SSÍ** – skal vera ýmist fest í borða í íslensku fánalitunum eða vera barmmerki. Merkið er staðfest einkennismerki SSÍ eins og það er á hverjum tíma í gulli eða silfri – og skal grunnur vera í sama efni. Stjórn SSÍ gerir tillögur til Sundþings ár hvert um veitingu viðurkenninga.

**Gullmerki SSÍ** má einungis veita íslenskum ríkisborgurum og skal einkum veitt þeim einstaklingum sem um lengri tíma hafa unnið afburða gott starf í þágu sundhreyfingarinnar eða skilað yfirburðaárangri meðal íslenskra sundmanna.

**Silfurmerki SSÍ** skal veita þeim sem unnið hafa framúrskarandi gott starf að málefnum sundhreyfingar eða hafa komið fram fyrir hönd Íslands á alþjóðlegum vettvangi sundhreyfingar. Einnig skulu sundmenn sem náð hafa viðurkenndum alþjóðlegum árangri hljóta silfurmerkið – og þar með allir þeir sem keppt hafa í sundi á Ólympíuleikum fyrir Íslands hönd.

**Þjónustumerki SSÍ** má afhenda stjórnarmönnum SSÍ, nefndarmönnum og fulltrúum SSÍ á þingum ÍSÍ og sérsambanda sem SSÍ er aðili að. Stjórn SSÍ er heimilt að veita einstaklingum þjónustumerki fyrir gott starf að sundmálum.